

Lokaverkefni 2020

Jóna María Aradóttir

Stóll



LOKA3VE05
Pjetur St. Arason

Lokaverkefni mitt til stúdentsprófs var að smíða stól.

Leiðbeinandi minn er Eypór Halldórsson, kennari við Verkmenntaskóla Austurlands. Þar sem ég er útskrifuð úr Húsasmíði og orðin sveinn í þeirri grein, fannst mér við hæfi að smíða lokaverkefnið mitt.

Á mínum námsferli í Húsasmíðinni fannst mér skemmtilegast að smíða húsgögn. Sú vinna sem fer í að smíða húsgögn er kölluð fín vinna á meðan almenn húsasmíði er talin gróf vinna.

Ég leitaði mér innblásturs á vefsíðunni „Pinterest“. Þegar í stað fór ég að teikna upp stólinn. Ég teiknaði hann fyrst í raunstærð og þar næst í teikniforritinu „Autocad“.

Fyrstu vikurnar fóru í að vinna prufu stykki úr furu. Ástæðan fyrir því er sú að ég vildi geta lært af prufu stólnum. Ef til þess kæmi að ég gerði einhver mistök eða vildi breyta einhverjum atriðum. Sú ákvörðun kom sér mjög vel.

Í Fablab skar ég út máta fyrir lappirnar sem ég hafði fyrir land þegar að ég fræsti þær. Einnig var pöntuð sér fræsistönn sem var með landinu ofan frá.

Það fóru nokkrar vikur í að gera prufustólinn. Sem endaði á samkomubanni en þá var efnið í stólinn hins vegar komið og ég aðeins byrjuð á bakinu og setunni.

Í samkomubanninu gat ég lítið sem ekkert gert. Það setti stórt stik í reikninginn.

Mér til mikillar gleði þegar að ástandinu létti var hægt að fara í smíðastofuna í tvær vikur samfleytt. Þá var farið á fulla ferð að klára stólinn.

Bakið og setan er bæði spónlagt, ég taldi það koma best út útlitslega séð. Armarnir og fæturnir eru úr gegnheilum við. Fæturnir eru tappaðir saman. Armarnir eru bæði tappaðir og dílaðir við fæturnar. Ég útbjó lista til styrkingar við setuna framan á. Ég notaði átta skrúfur til að skrúfa stólinn saman. Fjórar skrúfur í bakið og fjórar skrúfur í setuna. Skrúfurnar eru úr kopar og passa einstaklega vel við stólinn. Að lokum áður en ég skrúfaði stólinn saman, lakkaði ég tvær umferðir.

Þetta ferli var virkilega skemmtilegt og óhætt að segja að ég lærði helling á því. Ég er Eypóri ævinlega þakklát fyrir hjálpina og stuðninginn í gegnum þetta verkefni.



Teikning og máti úr Fablab



Fræsistönnin




Prufustóllinn tilbúinn



Stóllinn í lökkun



Bakið og setan fyrir spónlagningu



Prufu samsetning